

Nefndasvið Alþingis

b.t. allsherjar- og menntamálanefnd

Kirkjustræti

101 Reykjavík

Reykjavík, 31. ágúst 2016

**Efni: Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála er varðar meðferð gjafsóknarmála**

### **I. Um erindið**

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur farið yfir frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála er varðar meðferð gjafsóknarmála og telur tilefni til að vekja athygli á nokkrum atriðum. Laganefnd skilaði einnig umsögn um drög að frumvarpinu á fyrri stigum með bréfi, dags. 20. janúar 2016.

### **II. Athugasemdir við greinar frumvarpsins**

Við yfirferð málsins telur laganefnd rétt að vekja athygli á eftirfarandi:

- Laganefnd vill í upphafi vekja athygli á því að gjafsókn er úrræði fyrir efnaminni einstaklinga sem hafa ekki fjárhagslega burði til að kosta málarekstur sinn fyrir dómstólum. Í 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er kveðið á um rétt allra til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Hefur ákvæðið sem og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu verið skýrt á þá leið að tryggja verði rétt efnaminni einstaklinga til að geta sótt eða varið réttindi sín fyrir dómstólum og hefur það verið útfært með því úrræði sem fjallað er um í frumvarpi því sem hér er til umsagnar.
- Laganefnd telur það vera í samræmi við tilgang gjafsókna og rétt einstaklinga til að sækja og verja réttindi sín fyrir dómstólum að hækka þau fjárhagslegu viðmið sem komið hafa fram í reglugerð um gjafsóknarleyfi enda hafa þau verið of lág.
- Í 1. mgr. 2. gr. er það gert að skilyrði að nægilegt tilefni þurfi að vera til málshöfðunar svo gjafsóknarleyfi verði veitt og er orðalagið sambærilegt og í

## LAGANEFND L.M.F.Í.

gildandi lögum. Laganefnd bendir á að sýslumaður getur aldrei orðið fyrsta dómstig fyrir þá einstaklinga sem þurfa að reiða sig á gjafsókn vegna bágs fjárhags, þ.e. sýslumaður má ekki skýra orðin „nægilegt tilefni“ á þann hátt að líkur verði að vera til þess að mál viðkomandi vinnist. Orðalag ákvæðis verður að vera á þá leið og skýrt á þá leið að ekki séu takmarkaðir um of möguleikar efnaminnna fólks á því að sækja rétt sinn fyrir dómstólum.

- Laganefnd leggst gegn þeirri tillögu sem fram kemur í lok 1. mgr. 3. gr. um að ráðherra verði heimilað í reglugerð að kveða nánar á um greiðslu málskostnaðar í tilvikum þegar sérstaklega stendur á, þ. á m. um fjárhæð þóknunar umboðsmanns gjafsóknarhafa og tímagjald vegna vinnu hans. Varhugavert er að í reglugerð verði tilgreint tímagjald vegna vinnu lögmanna við tilgreind mál eða málaflokk enda hætt við því að ef tímagjald í reglugerð er ekki í samræmi við tímagjald lögmanna að það muni takmarka mjög til hvaða lögmanns efnaminni einstaklingar geta leitað til. Í öllu falli, sé heimild sem þessi til staðar í undantekningartilvikum svo sem virðist ætlunin (t.d. ef mál fer ekki fyrir dóm), þá telur laganefnd að koma verði skýrt fram í almennum lögum hvaða viðmiðanir skuli liggja til grundvallar mati sýslumanns.
- Þess ber að geta að Lögmannafélag Íslands hefur skipað starfshóp sem ætlað er að skoða gjafsóknarmálefni í heild sinni og mun innan tíðar skila skýrslu og/ eða tillögum um ýmislegt varðandi málaflokkinn.

Fulltrúar laganefndar LMFÍ eru reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar LMFÍ

Hildur Ýr Viðarsdóttir hdl.

Stefán A. Svensson hrl.